

Álftanesi 26. febrúar 2018.

Bæjarráð Garðabæjar

co. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri.

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.02.2018
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1802398

Umsókn:

Stofnaður hefur verið kór eldri borgara á Álftanesi, sem hefur hlotið nafnið Garðálfar. Nýráðinn kórstjóri fyrir Bessastaðasókn og stjórnandi Álftaneskórsins er Ástvaldur Traustason. Hann er tilbúinn að taka einnig að sér að æfa kór eldri borgara. Launagreiðslur vegna þessa aukastarfs teljum við eðlilegt að sé í samræmi við laun þess aðila sem stjórnar kór eldri borgara í Garðabæ.

Við förum því vinsamlega fram á að Garðabær styrki okkur vegna þessa starfs og launakostnaðar stjórnanda. Við höfum átt samtal við bæjarstjóra, Gunnar Einarssonar, vegna þessa máls þar sem fram kom að Garðabær styrkir kór eldri borgara í Garðabæ um kr. 300.000 á ári vegna launakostnaðar til stjórnanda. Við förum því fram á sambærilegan styrk, enda um sambærileg störf að ræða.

Meðlimir kórs okkar um þessar mundir eru um sautján og fer fjölgandi, við stefnum á tuttugu og fimm til þrjátíu félaga.

Með góðri kveðju og von um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd kórsins,

Sigrún Sigurðardóttir, formaður Birkiholt 4. Álftanesi.

diddasig55@gmail.com sími 897-4590

Gunndór Ísdal Sigurðsson, meðstjórnandi.Suðurtún 25. Álftanesi.

Elín Jóhannsdóttir,meðstjórnandi Litlubæjarvör 15. Álftanes.

